



**BA-ritgerð  
í lögfræði**

**Er nafnveiting eiginnafna í samræmi við vilja löggjafans?**

Þorvarður Arnar Ágústsson

Leiðbeinandi: Finnur Þór Vilhjálmsson

Desember 2014



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

---

LAGAÐEILD

## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	2
2. Almennt um vilja löggjafans sem lögskýringarsjónarmið.....	3
3. Almennt um lögin og markmið þeirra .....	4
4. Vilji löggjafans varðandi eiginnöfn.....	7
4.1. Almennt.....	7
4.2. Tökunöfn .....	7
4.3. Frekari heimild stjórnvalds til þess að hafna beiðni.....	11
4.4. Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn.....	16
4.4.1. Blævarmálið.....	16
4.4.2. Breyting á framkvæmd í kjölfar Blævarsmálsins .....	19
4.5. Nafnbera til ama .....	19
5. Nánar um hefð.....	20
6. Lokaorð .....	24
Heimildaskrá .....	25

## 1. Inngangur

Þau mikilvægu mannréttindi sem í nafnrétti felast hafa oft á tíðum orðið uppspretta gagnrýni á ríkisvaldið. Réttur löggjafans til að hlutast til um nafnveitingar hefur verið gagnrýndur en ekki síður hefur Mannanafnanefnd sætt gagnrýni fyrir störf sín sem grundvallast á lögum um mannanöfn nr. 45/1996.

Markmið þessarar ritgerðar er ekki að koma á framfæri pólitískum hugmyndum um hversu langt löggjafinn skuli ganga við að reglubinda nafnveitingar. Öllu heldur verður löggjöfin rannsökuð í því skyni að bera saman þá tilætlun löggjafans sem lögin eiga að endurspegla og þá framkvæmd sem skapast hefur um nafnveitingu eiginnafna.

Þá verður skoðuð sú stefna sem myndast hefur í úrskurðum Mannanafnanefndar með hliðsjón af nálgun dómstóla á efnið. Ágústa Þorbergsdóttir, formaður mannanafnanefndar, segir nefndina vilja samþykkja sem flest nöfn.<sup>1</sup> Ekki er víst að slíkt viðmót sé alltaf í bestu samræmi við lögin. Þar sem löggjafanum tekst misvel að binda markmið sitt með lagatexta fer það eftir eðli lagasetningar hvert svigrúm stjórnvalda er til þess að útfæra lögin en slíkt getur verið óhjákvæmilegt þegar lög eru mjög almennt orðuð eða óræð. Þó ber í tilvikum sem slíkum eftir fremsta megni að leitast við að túlka lög í samræmi við vilja löggjafans með athugun á því sem varpað getur ljósi á þá reglu sem löggjafinn hefur ætlað að lögfesta.<sup>2</sup>

Þannig mun ritgerð þessi hafa það meginmarkmið að leiðarljósi að rannsaka vilja löggjafans eftir hinum almennt viðurkenndu aðferðum og bera saman við þá stefnu sem mótast hefur í framkvæmd á veitingu eiginnafna.

---

<sup>1</sup> „Mannanafnanefnd verði ekki lögð niður“, <http://www.xn--rv-rka.is/frett/mannanafnanefnd-verdi-ekki-logd-nidur>

<sup>2</sup> Þuríður Jónsdóttir: *Lögfræði og lífsleikni fyrir framhaldsskóla*, bls. 12

## 2. Almennt um vilja löggjafans sem lögskýringarmið

Vegna umfjöllunarefnis þessarar ritgerðar er nauðsynlegt að skýra hið yfirgripsmikla hugtak sem kalla má þungamiðju þessarar ritgerðar, þ.e. hugtakið „vilji löggjafans“.

Í lögfræðiorðabók hefur hugtakið verið skýrt með eftirfarandi hætti: „vilji eða ætlun þess sem setur lögin“.<sup>3</sup> Slík orðskýring liggur nánast í augum uppi en er þó ekki nægjanlega tæmandi og verður því að fara fram frekari greining á hugtakinu. Í því samhengi þarf að útskýra hvað felst í lögskýringu en miðað verður við að þær aðferðir sem Hæstiréttur beitir í úrlausnum sínum séu hinar almennt viðurkenndu aðferðir.<sup>4</sup>

Dómari skýrir ekki lagaákvæði á almennan hátt, heldur eingöngu að því leiti sem nauðsynlegt er til þess að leiða ákveðið álitaeftni, sem er til úrlausnar í hlutaðeigandi máli hverju sinni, til lykta. Því eru atvik máls heimfærð undir viðeigandi lagaákvæði hverju sinni eftir að búið er að skýra það.<sup>5</sup> Lög eru sett saman úr orðum, en það leiðir af eðli tungumála að orð eru oft margræð. Þar af leiðandi þarf að skýra lög en lögskýring er hins vegar ekki eingöngu fólgin í því að skýra einstök orð heldur einnig í því að afmarka inntak og efni lagaákvæðis.<sup>6</sup> Með orðinu lögskýring er því átt við það verkefni að túlka lagaákvæði.<sup>7</sup> Í því felst „tilraun til þess að brúa bilið á milli merkingar (boðskapar) tiltekens texta (tákn máls) og forskilnings lesanda (túlkandans) á því sem um er að ræða.“<sup>8</sup> Með því er átt við að textanum sé ætlað að leiða túlkandann inn á þá braut sem löggjafinn hefur skapað með því merkingarfræðilega inntaki sem í textanum felst. „Túlkunarandlagið við lögskýringu er því texti sem hefur að geyma bindandi efnisreglu sem menn hafa búið til af ásettu ráði til að koma á framfæri ákveðinni viljaafstöðu um háttsemi manna og skipulag í samfélagi þeirra.“ svo notuð séu orð Róberts Ragnars Spanó.<sup>9</sup>

Af ofangreindu má álykta að menn geti vitandi vits mótað efnisreglu og vilji þannig koma ákveðnum boðskap til skila sem bundinn er í texta. Sá texti er andlag þeirrar túlkunar er þarf að eiga sér stað til þess að þeirri efnisreglu sé beitt í samræmi við þann vilja eða þá hugmynd, sem textahöfundur hefur ætlað sér að koma áleiðis til túlkandans. Í tilviki laga stafar þessi hugmynd eða vilji, í það minnsta að formi til, frá löggjafanum.

Þó að löggjafinn sé eingöngu til í hugmyndafræðilegum skilningi stendur sú hugmynd fyrir neti skoðana og hugmynda ólíkra manna sem í sameiningu móta lögin. Þannig er

<sup>3</sup> Páll Sigurðsson: *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 254

<sup>4</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 14

<sup>5</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 14

<sup>6</sup> Björn Þ. Guðmundsson: *Lögbókin þín*, bls. 247

<sup>7</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun Lagaákvæða*, bls. 23

<sup>8</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun Lagaákvæða*, bls. 32

<sup>9</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun Lagaákvæða*, bls. 34

óhjákvæmilegt að einhver sameiginlegur vilji sé til staðar þó ekki sé víst að allir þingmenn leggi sama skilning í efni textans eða hafi yfirleitt kynnt sér efni hans.<sup>10</sup>

Vilji löggjafans hefur áhrif við lögskýringu að því gefnu að virkt lagasetningarvald sé til staðar.<sup>11</sup> Slíkt leiðir að mati höfundar af meginreglunni um þrígreiningu ríkisvalds sbr. 2. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (framvegis stjkskr). Með könnun á tilefni lagasetningar, þeim álitafnum eða ágreiningsmálum sem löggjafinn hefur ætlað sér að greiða úr og fjölmörgum öðrum þáttum, má finna tilgang eða markmið lagasetningar en af slíkri athugun má draga skynsama ályktun um vilja löggjafans.<sup>12</sup> Ármann Snævarr hefur og bent á að það séu lögskýringargögnin sem veiti hvað besta hugmynd um vilja löggjafans eða viðhorf lagasetningarvaldsins við tilteknu lagaákvæði.<sup>13</sup>

Á meðal helstu kenninga sem þróast hafa um notkun lögskýringargagna eru hin huglæga lögskýringarkenning annars vegar, sem leggur áherslu á að beita lögnum í samræmi við vilja löggjafans eins og hann kemur fram í lögskýringargögnum, og hins vegar hlutrænar lögskýringarkenningar, en fylgjendur hennar hafna því að vilji löggjafans eigi að ráða úrslitum við túlkun lagaákvæða.<sup>14</sup> Raunar hefur sú skoðun verið viðruð að vilji löggjafans hafi tæpast neitt sjálfstætt gildi við lögskýringu þar sem lögskýring sem stefnir að vilja löggjafans renni saman við hina almennu lögskýringaraðferð þ.e. hin takmarkaða kenning um vilja löggjafans.<sup>15</sup> Hvað sem þessum kenningum líður sést glögglega af dómum Hæstaréttar að dómáramur vísa raunar til vilja löggjafans og þess má jafnvel sjá dæmi að dómsniðurstaða velti beinlínis á vilja löggjafans.<sup>16</sup>

### 3. Almennt um lögin og markmið þeirra

Hugtakið einkalíf í skilningi 1. mgr. 71. gr. stjkskr er afar víðtækt og tekur m.a. til alls þess sem lýtur að persónulegum högum manns. Sömuleiðis hefur Mannréttindadómstóll Evrópu skýrt hugtakið einkalíf í skilningi 1. mgr. 8. gr. laga nr. 62/1994 um Mannréttinasáttmála Evrópu (framvegis MSE) svo, að auk þess að ná yfir líkamlegt og andlegt sjálfræði manns nái það einnig til auðkenni manns, sjálfsmyndar hans og þess sem einkennir hann sem persónu gagnvart umhverfi hans og samfélaginu. Hér er m.a. átt við nafn manns.<sup>17</sup>

<sup>10</sup> Skúli Magnússon: *Er draugur í dómssalnum?*, bls. 736-737

<sup>11</sup> Skúli Magnússon: *er draugur í dómssalnum?*, bls. 741

<sup>12</sup> Davíð Þ. Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 39

<sup>13</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun Lagaákvæða*, bls. 98

<sup>14</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun Lagaákvæða*, bls. 94

<sup>15</sup> Skúli Magnússon: *Er draugur í dómssalnum?*, bls. 745

<sup>16</sup> Davíð Þ. Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 122

<sup>17</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur Mannréttindi*, bls. 288

Af þessari umfjöllun ætti að vera ljóst að réttur manna til þess að velja nafn sitt telst til almennra mannréttinda sem nýtur verndar stjkskr og MSE. Þessi mannréttindi verða ekki skert nema með lögum sbr. 3. mgr. 71. gr. stjkskr og 3. mgr. 8. gr. MSE.

Lögmætisreglan áskilur að takmörkun réttinda verði að vera reist á lagaheimild sem er bæði skýr og ótvíræð en þar sem takmörkunin verður að eiga sér stoð í settum lögum frá Alþingi hafa dómstólar sett nokkuð strangar skorður við framsali á slíku valdi til framkvæmdarvaldsins.<sup>18</sup> Í *Hrd. 1988, bls. 1532 (Framadómur)* er komist svo að orði:

Lagaákvæði er takmarka mannréttindi verða að vera ótvíræð. Sé svo ekki ber að túlka þau einstaklingi í hag, því mannréttindaákvæði eru sett til verndar einstaklingum en ekki stjórnvöldum.

Af því má álykta að almennt beri að túlka lagaheimildir, sem mæla fyrir um takmörkun á rétti manns til þess að bera ákveðið nafn, þröngt. Slík lög hafa verið sett, þ.e. lög um mannanöfn nr. 45/1996 (framvegis mnl). Raunar hefur lengi tíðkast að setja lög um nafnagjafir en þó að fyrsta almenna löggjöfin um mannanöfn hafi ekki verið sett fyrir en með lögum nr. 41/1913 hefur sú lagaskylda lengi tíðkast að gefa skuli barni nafn. Af ákvæðum í Kristinna laga þætti Grágásar í konungsbók og kristnirétti Árna biskups frá 1275, 8. kap., virðist þó mega ráða að eingöngu hafi verið skylt að gefa barni eiginnafn og því hafi hvorki tíðkast að mæla fyrir um kenninöfn né millinöfn á þeim tíma.<sup>19</sup> Verður ekki séð að nöfn sett til viðbótar við eiginnafn hafi komið til sögunnar fyrir en við gildistöku laga nr. 41/1913.<sup>20</sup>

Lög nr. 54/1925 tóku við af fyrrgreindum lögum en þeim var svo lauslega fylgt í framkvæmd að sú hugmynd hafði jafnvel skotið upp kollinum að lögunum hefði að meira eða minna leyti verið byggt út af réttarvenju sem skapast hefði. Sú hugmynd naut þó ekki almennrar viðurkenningar meðal fræðimanna svo ekki er hægt að líta svo á að ákvæði laganna hafi fallið niður sökum notkunarleysis.<sup>21</sup> Það vekur því ekki furðu að ný lög hafi að endingu verið samþykkt.

Lög nr. 37/1991 sem tóku við af lögum nr. 54/1925 fengu, líkt og eldri löggjöf, að sæta gagnrýni, en Hermann Pálsson taldi lögin ekki eingöngu illa úr garði gerð heldur einnig „haldin þeim megingalla að tilgangur þeirra [væri] engan veginn ljós.“<sup>22</sup>

Hins vegar bentu Páll Sigurðsson og Erlendur Jónsson á að með lögtöku laga nr. 37/1991 hefði löggjafanum lánast að halda vörð um nokkur mikilvæg frumatriði mannanafnahefðar

<sup>18</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur Mannréttindi*, bls. 294

<sup>19</sup> Baldur Guðlaugsson: „Íslensk mannanöfn – Löggjöf er þau varðar og framkvæmd þeirra“, bls. 124

<sup>20</sup> Baldur Guðlaugsson: „Íslensk mannanöfn – Löggjöf er þau varðar og framkvæmd þeirra“, bls. 128

<sup>21</sup> Baldur Guðlaugsson: „Íslensk mannanöfn – Löggjöf er þau varðar og framkvæmd þeirra“, bls. 155

<sup>22</sup> Hermann Pálsson: „Hugleiðing um nafnalög“, bls. 51

Íslendinga.<sup>23</sup> Þeir tóku hins vegar fram að núgildandi lög nr. 45/1996, sem tóku við af fyrrgreindum lögum, „gengu of langt til móts við ímyndaðar þarfir þjóðarinnar fyrir „aukið frelsi“ á sviði nafngifta“.<sup>24</sup> Á þessari öld mannréttinda gæti síðastgreind setning Páls Sigurðssonar og Erlends Jónssonar virst skjóta skökku við en hún endurspeglar þó furðu vel þá íhaldssömu stefnu sem löggjafinn virðist hafa mótað á sviði nafnagjafar í árána rás, þ.e. að standa vörð um íslenska nafnahefð og íslenska menningu.

Með gildistöku nýrra laga nr. 45/1996 er þeirri stefnu viðhaldið en þó má, af samanburði við eldri lög, sjá móta fyrir auknu frelsi í nafngjöf og virðist sem löggjafinn hafi losað að nokkru um það taumhald sem haft hefur verið á nafngjöf fyrir gildistíð laganna. Því til rökstuðnings má benda á að löggin miða að því að auka nafnrétt íslenskra ríkisborgara með erlendan uppruna og heimila nú óhefðuð tökunöfn sem fullgild eiginnöfn að því gefnu að þau samræmist íslensku máli. Þá heimila löggin millinöfn og virðast beinlínis hvetja til þess að ættarnöfn séu tekin upp sem millinöfn til þess að koma til móts við þarfir almennings en jafnframt vernda hinn þjóðlega kenninafnasið.<sup>25</sup>

Auk þess sem ofangreind markmið laganna birtast í frumvarpi því sem varð að mnl gefa nefndarmenn það einnig til kynna að lög nr. 37/1996 hafi verið of ströng. Markmið laganna sé að auka frjálsræði manna í nafngiftum. Í frumvarpi af mnl segir:

Nefndarmenn telja brýnt að unnið sé að verðveislu íslenska mannanafnaforðans og íslenskra nafnasiða en álíta hins vegar að yfirleitt sé farsælla að vinna að því markmiði með fræðslu og áróðri en með lögboði. Nafn manns varðar fyrst og fremst hann sjálfan en síður almannahag. Réttur foreldra til að ráða nafni barns síns hlýtur að vera ríkur en réttur löggjafans til afskipta takmarkaður.<sup>26</sup>

Leitast hefur verið við að varpa ljósi á hið almenna takmark löggjafans sem er tilgangur lagasetningarinnar og þau sjónarmið sem vakað hafa fyrir nefndarmönnum við samningu frumvarpsins. Hér að neðan verða helstu markmið löggjafans rannsökuð og umdeildustu ákvæði laganna athuguð í því skyni að bera þann vilja löggjafans sem löggin endurspeglar saman við þá framkvæmd sem skapast hefur um einstök ákvæði laganna.

<sup>23</sup> Páll Sigurðsson og Erlendur Jónsson: „Mannanöfn, Íslensk menning og misheppnað frjálslyndi“, bls. 166

<sup>24</sup> Páll Sigurðsson og Erlendur Jónsson: „Mannanöfn, Íslensk menning og misheppnað frjálslyndi“, bls. 167

<sup>25</sup> Drífa Pálsdóttir, Halldór Ármann Sigurðsson og Hjálmar Jónsson: „Bannað er nafn þitt“, bls. 36

<sup>25</sup> Alþt. 1995-1996, A-deild, bls. 669

<sup>26</sup> Alþt. 1995-1996, A-deild, bls. 669

## 4. Vilji löggjafans varðandi eiginnöfn

### 4.1. Almennt

Eins og áður hefur verið vikið að eiga lagaboð er varða eiginnöfn sér lengri sögu en nokkuð annað form af lögboðinni nafngjöf á Íslandi. Lög nr. 41/1913 voru sett til að koma reglu á óskipulegt og ruglingslegt ástand sem skapast hafði í kringum mannanöfn vegna skorts á lagareglum.<sup>27</sup>

Lög nr. 54/1925 miðuðu að því að hver maður mætti bera eitt eða tvö íslensk eiginnöfn en því var þó, svipað heildarframkvæmd laganna, ekki fylgt eftir í framkvæmd að miklum styrk.<sup>28</sup>

Með ákvæði 2. gr. laga nr. 37/1991 var í fyrsta sinn í sögunni tekið alveg fyrir að ný tökunöfn skjóti rótum í íslenskri menningu og því þótti ákvæðið ansi strangt.<sup>29</sup>

Til þess að ná þeirri réttarbót sem löggjafinn ætlaði að tæki við af of strangri löggjöf veita núgildandi mnl aukið frelsi til að heimila nýja nafnstofna sem eiginnafn<sup>30</sup>

### 4.2. Tökunöfn

Í 1. mgr. 5. gr. mnl segir „Eiginnafn skal geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Nafnið má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Það skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.“

Af 1. mgr. 5. gr. laganna leiðir að blendingsnöfn og merkingarlausar stafarunur geta talist fullnægjandi nafnstofnar að því gefnu að þær samrýmist að öðru leiti áskilnaði laganna.<sup>31</sup>

Löggjafinn hefur eftirlátið Mannanafnanefnd (framvegis Mnn) að meta það hvort nafn taki eignarfallsendingu.<sup>32</sup> Hvað önnur skilyrði 1. mgr. 5. gr. varðar, hefur löggjafinn ekki veitt jafn afdráttarlaus heimild Mnn til mats, sbr. t.d. skilyrði þess að nafn teljist heimilt á grundvelli hefðar en slíkt getur haft úrslitaáhrif við meðferð á beiðni um nafnveitingu. Nú geta því erlend nöfn fundið sér leið í íslenska nafnahefð þar sem tökunöfn eru almennt heimil séu þau aðlöguð íslensku beygingarkerfi en áskilið er að þau geti tekið sér íslenska eignarfallsendingu eða hafi unnið sér hefð í íslensku máli.<sup>33</sup> Er því komið til móts við þá sem

<sup>27</sup> Baldur Guðlaugsson: „Íslensk mannanöfn – löggjöf er þau varðar og framkvæmd þeirra“, bls. 131

<sup>28</sup> Baldur Guðlaugsson: „Íslensk mannanöfn – löggjöf er þau varðar og framkvæmd þeirra“, bls. 143

<sup>29</sup> Alþt. 1995-1996, A-deild, bls. 669

<sup>30</sup> Páll Sigurðsson, Erlendur Jónsson: „Mannanöfn, Íslensk menning og misheppnað frjálslyndi“, bls. 167

<sup>31</sup> Alþt. 1995-1996, A-deild, bls. 672

<sup>32</sup> Alþt. 1995-1996, A-deild, bls. 672

<sup>33</sup> Alþt. 1995-1996, A-deild, bls. 671



vilja notfæra sér erlendan nafnaforða á sama tíma og íslenskt beygingarkerfi er verndað með því að tryggja að slík tökunöfn taki sér íslenska beygingu.

Þó að Mnn sé eftirlátið svigrúm til þess að meta hvort að nafn taki eignarfallsendingu veitir löggjafinn menntamálaráðherra vald til þess að ákveða hvaða stafsetningarreglum Mnn skuli taka mið af.

Í 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. mnl er sú regla orðuð að nafn skuli ritað í samræmi við íslenska rithætti. Sú undantekning er þó á reglunni að nafn telst engu að síður heimilt sé hefð fyrir því að rita það á hátt sem ekki er samræmanlegur íslenskum rithætti.

Reglan var sett til þess að koma í veg fyrir að hróflað yrði við rithætti rótgróinna nafna en sú efnisregla var ekki talinn nægilega tryggð með 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. mnl (sem fjallað verður um sérstaklega í 4.3) enda fæli 2. málsl. í sér allt aðra efnisreglu.<sup>34</sup> Reglurnar haldast þó hönd í hönd þar sem 3. málsl. tekur við í rökréttu framhaldi af 2. málsl. sbr. *Úrskurður Mannanafnanefndar (framvegis ÚM) 8. júlí 2009 (59/2009)* þar sem nafnið Toby er ekki talið uppfylla skilyrði 1. mgr. 5. gr. mnl en nafnið Tóbý samþykkt á grundvelli eftirfarandi röksemda:

Eiginnafnið *Toby* (kvk.) samræmist ekki ritreglum íslensks máls miðað við að eðlilegur íslenskur framburður nafnsins sé með –ó og –ý. Samkvæmt gögnum Þjóðskrár er engin kona skráð með eiginnafnið Toby sem uppfyllir skilyrði ofangreindra vinnulagsreglna og því er ekki hefð fyrir þessum rithætti. Eiginnafnið Toby (kvk.) uppfyllir þar af leiðandi ekki öll ákvæði 5. gr. laga nr. 45/1996 og því er ekki mögulegt að fallast á það. Eiginnafnið *Tóbý* (kvk.) telst ritað í samræmi við ritreglur íslensks máls og uppfyllir að öðru leyti ákvæði 5. gr. laga nr. 45/1996 um mannanöfn

Hér lítur nefndin til þess hvernig nafnið er borið fram en þó að framburður nafnsins Toby sé í samræmi við íslenskar hljóðskipunarreglur, er ritháttur nafnsins ekki í samræmi við þann framburð samkvæmt íslenskum ritreglum.

Reglan heldur því ákveðinni festu á innleiðslu erlendra tökunafna en hafi nafn ekki unnið sér hefð í íslensku máli, getur það ekki talist tækt til nafnagjafar innihaldi það t.d. bókstafi sem ekki eru samrýmanlegir íslensku stafrófi. Í *ÚM 31. ágúst 2006 (63/2006)* er því hafnað að kona geti borið nafnið Christa en Mnn kemst svo að orði:

Eiginnafnið *Christa* (kvk.) getur ekki talist ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls þar sem samstafan ‘ch’ er ekki notuð í íslensku máli

Hér var nafninu Christa hafnað þar sem það samræmdist ekki íslenskum rithætti sem og að það hefði ekki unnið sér inn hefð. Það er því athyglisvert að komast að því að nafnið er

<sup>34</sup> Alpt. 1995-1996, A-deild, bls. 673

síðar samþykkt í *ÚM 20. júní 2014. B-35/2014* á grundvelli hefðar. Úrskurðurinn er til votts um nokkuð rúma túlkun Mnn á hefðarreglum laganna.

Til útskýringar er nauðsynlegt að fjalla í stuttu máli um þær hefðarreglur sem Mnn á, samkvæmt löggjafanum, að vinna eftir en reglurnar koma fram í athugasemdum í greinargerð við 1. mgr. 5. gr. mnl.

Þegar Mnn metur hvort nöfn hafi unnið sér hefð í íslensku máli er gerður greinarmunur á því hvort nafn barst í íslenskt mál fyrir eða eftir 1703. Um nöfn sem komu í málið eftir 1703 gildir eftirfarandi:

1. Ungt tökunafn telst hafa unnið sér hefð ef það fullnægir einhverju einu af eftirfarandi skilyrðum:

Það er nú borið af a.m.k. 20 Íslendingum.

Það er nú borið af 15--19 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 30 ára aldri.

Það er nú borið af 10--14 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 60 ára aldri.

Það er nú borið af 5--9 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1910 (eða fyrr).

Það er nú borið af 1--4 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1845 (eða fyrr).

Það er nú ekki borið af neinum Íslendingi en kemur þegar fyrir í manntalinu 1845 (eða fyrr) og hefð þess hefur ekki rofnað.

Hefð ungs tökunafns telst rofin ef það kemur hvorki fyrir í manntalinu 1910 né síðar.<sup>35</sup>

Um nöfn sem komu inn í málið fyrir 1703 gildir hins vegar:

Gömul tökunöfn eru þau tökunöfn sem hafa komið inn í íslenskt mál 1703 eða fyrr. Hefð gamals tökunafns telst rofin ef það kemur hvorki fyrir í manntölunum 1845 og 1910 né síðar. Hefð tökunafna sem hafa unnið sér menningarhelgi rofnar þó ekki. Nafn telst hafa unnið sér menningarhelgi komi það fyrir í alkunnum íslenskum fornritum í nafnmynd sem ekki brýtur í bág við íslenskt málkerfi.<sup>36</sup>

Eins og áður var komið að leggur Mnn hefð nafnsins Christa til grundvallar úrlausn sinni í *ÚM 20. júní 2014 (B-35/2014)*. Það sem er athyglisvert við málið er að nafnið uppfyllir ekki þær reglur sem Mnn á að starfa eftir en í úrskurði segir:

Í c-lið 1. tölul. vinnulagsreglna mannanafnanefndar frá 2006, sem áður er vitnað til, kemur fram að nafn telst hafa unnið sér hefð í íslensku máli ef það er nú borið af 5--9 Íslendingum og hinn elsti þeirra hefur náð a.m.k. 60 ára aldri. Vinnulagsreglur þessar eru mannanafnanefnd til viðmiðunar við mat á hefð nafna. Í því ljósi er rétt að líta til þess að sex einstaklingar sem fullnægja vinnulagsreglunum hafa borið eigin nafnið *Christa* og tveir þeirra, þótt nú séu látnir, væru að minnsta kosti 60 ára að aldri. Með hliðsjón af þessu telur mannanafnanefnd rétt að fella úr gildi fyrri úrskurð sinn í máli 35/2014 frá 9. apríl síðastliðnum

Við úrlausnina liggur fyrir að aðeins eru 4 einstaklingar sem bera nafnið og hvorki liggja fyrir upplýsingar um birtingu þess í manntalinu 1910 né manntalinu 1945 en Mnn ákveður engu að síður að meta aðstæður svo að nafnið hafi unnið sér hefð í íslensku máli. Þá vísar

<sup>35</sup> Alpt. 1995-1996, A-deild, bls.673

<sup>36</sup> Alpt. 1995-1996, A-deild, bls. 673

Mnn til þess að látnir aðilar báru eitt sinn nafnið en slíkt er samkvæmt ofangreindum reglum ekki nægjanlegt skilyrði.

Það athugast að það var Mnn sem upphaflega mótaði hefðarreglurnar.<sup>37</sup> Nú hefur löggjafinn hins vegar tiltekið sérstaklega þær reglur sem ætlunin var að yrði fylgt við mat á því hvort nafn teldist hafa unnið sér hefð í íslensku máli þar sem mikil þörf sé á sem skýrustum reglum svo að gætt sé að jafnræði borgaranna.<sup>38</sup> Þar sem veigamikil mannréttindi eru meðhöndluð er eðlilegast að hefðarreglurnar séu sérstaklega teknar upp í lagaákvæðið en löggjafinn hefur farið þá leið að tiltaka þær eingöngu í lögskýringargögnum.

Mnn virðist hins vegar hafa komist að þeirri niðurstöðu að hún sé ekki bundin af umræddum reglum þar sem þær séu eingöngu „til viðmiðunar“ og kemst nefndin að niðurstöðu, í ofangreindu máli, sem ekki grundvallast á þeim hefðarreglum sem tilteknar eru í frumvarpi með lögnum. Heldur virðist niðurstaðan ráðast af skoðunum nefndarinnar á því hvað sé sanngjarnt eða gengur í líka átt og hefðarreglurnar.

Löggjafinn hefur sett nokkuð ítarlegar reglur um hvaða skilyrðum nafn skuli uppfylla svo heimilt sé til nafnveitinga og því er ekki hægt að ganga út frá því að meginreglan sé frjálsræði í nafngjöf. Nöfn sem ekki samrýmast skilyrðum 5. gr. laganna eru almennt óheimil en geta verið heimiluð á grundvelli undantekningarreglu ef skilyrði hennar eru uppfyllt. Sú undantekningarregla er hefð. Geti tilvik ekki fallið undir þá undantekningarreglu væri eðlilegast að gagnálykta á þá leið að nafn teldist ekki heimilt enda verður almennt ekki lögjafnað frá undantekningarákvæði.<sup>39</sup>

Erfitt getur reynst að vega og meta þá andstæðu hagsmunum sem rekast á, þ.e. annars vegar að fylgja reglum sem ekki koma beinlínis fram í lagatextanum (en að öllum líkindum var ætlun löggjafans að farið yrði eftir) og hins vegar að afgreiða mannréttindi á grundvelli laga sem þarfnast fyllingar.

Það verður því að teljast óheppilegt að hefðarreglurnar hafi ekki verið teknar beint upp í löggin en engu að síður telur höfundur þann vilja löggjafans endurspeglast í frumvarpinu að þær séu tæmandi taldar og Mnn að öllum líkindum óheimilt að heimila notkun nafna sem samrýmast hvorki þeim hefðarreglum sem birtar eru í frumvarpi né öðrum skilyrðum 5. gr. laganna enda verður slíkt ekki til þess fallið að varðveita íslenskan mannanafnasið. Af ofangreindri umfjöllun er ljóst að beiting Mnn á hefðarreglunum hefur mikil áhrif á

<sup>37</sup> Alþt. 1995-1996, A-deild, bls.672

<sup>38</sup> Alþt. 1995-1996, A-deild, bls. 673

<sup>39</sup> Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 547

framkvæmd 1. mgr. 5. gr. mnl. Ljóst er að kanna þarf nánar hvernig 5. gr. mnl er útfærð með það í huga hvort beiting Mnn á hefðarreglunum hafi þar sérstaka þýðingu.

#### 4.3. Frekari heimild stjórnvalds til þess að hafna beiðni

Í 3. kafla ritgerðar er bent á nauðsyn þess að afgreiðsla Mnn á beiðni um nafnveitingu styðjist við skýra og ótvíræða lagaheimild. Sérstaklega er þörfin brýn þegar Mnn hafnar beiðni um nafnveitingu.

Auk þess að áskilja að nafn geti tekið sér íslenska eignarfallsendingu og samræmist íslenskum ritreglum fer löggjafinn fram á að nafn brjóti ekki í bága við íslenskt málkerfi sbr. 2. másl. 1. mgr. 5. gr. mnl sem hljóðar svo, „Nafnið má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi“.

Reglan þarfnast sérstakrar athugunar þar sem bæði 1. másl. og 3. másl. 1. mgr. 5. gr. mnl hafa það sameiginlegt að frá þeim er ákveðin undantekning orðuð. Í henni felst að nafn telst engu að síður tækt þó að það uppfylli ekki skilyrði 1. másl. eða 3. másl. sé það búið að vinna sér hefð í íslensku máli. Hins vegar virðist, af almennri textaskýringu, mega álykta, að skilyrði 2. másl. 1. mgr. 5. gr. mnl sé óundanþægt. Lagaákvæði verða þó ekki túlkuð í tómarúmi en sjaldnast er réttlæt看legt að leiða lögskýringu til lykta án þess að líta nokkuð til þeirra atriða er felast í lögskýringargögnum.<sup>40</sup>

Í athugasemdum við 2. másl. 1. mgr. 5. gr. í greinargerð frumvarpsins er hugtakið „íslenskt málkerfi“ nánar útfært en hugtakið vísar til samansafns af reglum sem unnið hafa sér hefð í íslensku máli. Þannig er skilyrðið sett til þess að sporna gegn afbökun á nöfnum sem stríðir gegn hefð nafnanna, eða brjóta í bága við íslenskar orðmyndunarreglur, svo sem þríliðuð nöfn, og nöfn sem brjóta gegn íslenskum hljóðmyndunarreglum. Hins vegar kemur skýrlega fram að ákvæðið hindri ekki að nöfn sem þegar hafa unnið sér hefð haldi stöðu sinni.<sup>41</sup>

Í ákvæðinu felst því að taka verður tillit til þeirra nafna sem þegar hafa unnið sér hefð í íslensku máli en slík lögskýring er rýmkandi að því leiti að af beinni textaskýringu verður ekki ráðið að slíkt svigrúm sé fyrir hendi. Slík túlkun er þó í samræmi við mannréttindasjónarmið en löggjafinn hefur sjálfur áréttað að það sé „auðsætt brot á mannréttindum að taka af mönnum þau nöfn sem þeir bera“.<sup>42</sup> Í þeim anda mætti álykta að nöfn sem þegar hafa unnið sér friðhelgi með hefð eigi áfram að halda sérstöðu sinni í

<sup>40</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, Bls. 97

<sup>41</sup> Alþt. 1995-1996, A-deild, bls. 673

<sup>42</sup> Alþt. 1995-1996, A-deild, bls. 682

íslenskum nafnaforða. Nöfn sem þannig hafa unnið sér hefð hér á landi hafa, hvort sem þau brjóta gegn 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. mnl eða ekki, að einhverju leiti samofist nafnaforða þjóðarinnar og fundið sér leið inn í íslenska menningu. Að heimila notkun slíkra nafna samrýmist þ.a.l. markmiði löggjafans, þ.e. að varðveita íslenska menningu.

Af ákvæðinu verður hins vegar ekki ráðið að nöfn sem brjóta gegn fyrrgreindri reglu geti síðar unnið sér hefð í íslensku máli og þannig talist heimil enda verður slík skýring ekki ráðin af texta lagaákvæðisins né af lögskýringargögnum og í raun telst slík skýring ganga gegn fyrrgreindu markmiði laganna.

Það eru því eingöngu þau nöfn sem þegar hafa unnið sér hefð í málinu er teljast heimil þrátt fyrir að samrýmast ekki íslensku málkerfi. Slíkt getur falið í sér tvo möguleika, þ.e. annarsvegar að eingöngu þau nöfn sem skráð hafa verið á mannanafnaskrá fyrir gildistöku laganna teljist heimil. Hinn túlkunarkosturinn er sá að nafn sem uppfyllti skilyrði hefðar fyrir gildistöku laganna hafi unnið sér hefð í málinu þrátt fyrir að það hafi enn ekki verið skráð á mannanafnaskrá.

Í samræmi við mikilvæg mannréttindasjónarmið og markmið laganna virðist seinni túlkunin í betra samræmi við lögin. Hins vegar vekur athygli að mannanafnanefnd leggur ekki þann skilning í ákvæðið en í *ÚM 17. desember 2008 (64/2008)* tekur mannanafnanefnd eftirfarandi sérstaklega fram: „Heimila mannanafnalög ekki að unnt sé að samþykkja nýtt eiginnafn á mannanafnaskrá á grundvelli hefðar ef það brýtur í bága við önnur ákvæði 5. gr. laganna, þ.e. 2. málsl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 5. gr.“

Eins og rakið var hefur löggjafinn mótað ákveðna hugmynd um það hvenær nafn telst í andstöðu við íslenskt málkerfi. Hins vegar ná þau viðmið, sem löggjafinn hefur veitt mannanafnanefnd, skammt og því er mannanafnanefnd veitt talsvert svigrúm við mat á því hvort nafn teljist brjóta gegn 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. mnl. Það eru einföld mannréttindi að takmarkanir á stjórnarskrárvörðum rétti fólks, til þess að velja nafn fyrir sig eða barn sitt, stafi frá löggjafanum sbr. 3. mgr. 71. gr. stjkskr.<sup>43</sup>

Lagaáskilnaðarreglur af þessu tagi skerpa á þeim takmörkunum framkvæmdarvaldsins sem leiðir af 2. gr. stjkskr.<sup>44</sup> Af fyrrgreindum *Framadómi* má marka að séu þau viðmið sem löggjafinn hefur sett ekki nægjanlega skýr og ótvíræð beri að túlka vafa borgaranum í hag. Ætla má að löggjafinn taki mið af slíkri almennri lögskýringaraðferð við lagasetningu og móti lagatexta á þeim forsendum að vafi verði skýrður borgaranum í hag. Því verður

<sup>43</sup> Elín Ósk Helgadóttir: „Jafnræðisreglur í tengslum við matskenndar stjórnvaldsákvæðin“, bls. 303

<sup>44</sup> Hafsteinn Dan Kristjánsson: „stjórnskipuleg lögætisregla“, bls. 428

mannanafnanefnd að haga valdbeitingu innan þeirra marka sem löggjafinn hefur sett og fara varlega þegar afmarka á þanþol hugtaksins „íslenskt málkerfi“.

Vegna sérstakrar þarfar á skýrri lagaheimild er athyglisvert hversu almennt reglan er orðuð. Til nánari fyllingar á ofangreindri umfjöllun um 2. másl. 1. mgr. 5. gr. mnl verður ÚM 17. desember 2008 (64/2008) tekinn sérstaklega fyrir. Úrskurðurinn lýtur að beiðni um eiginnafrnið *Skallagrímur* en nefndin heldur því fram að nafnið brjóti gegn íslensku málkerfi með eftirfarandi rökstuðningi.

Ekki er hefð fyrir því að greinileg viðurnefni séu hluti af eiginlegum eiginöfnum og telst *Skallagrímur* því ekki vera myndað í samræmi við almennar nafnamyndunarreglur íslensks máls og telst því brjóta í bág við íslenskt málkerfi.

Hér gengur mannanafnanefnd út frá þeirri reglu að sé óheimilt sé að mynda eiginnafrn úr „greinilegu viðurnefni“ en slík regla liggur ekki í augum uppi við lestur laganna.

Baldur Sigurðsson skilaði sératkvæði þar sem hann tók undir rökstuðning meirihlutans hvað varðaði formlega annmarka á nafninu en taldi það þó heimilt vegna menningarlegrar sérstöðu en í rökstuðningi hans segir:

Nafnið *Kveldúlfur* er stofnsamsett eins og fjölmörg önnur íslensk nöfn og er því að formi til fullkomlega eðlilega myndað nafn þótt það sé auknefni. Það er að því leyti eðlilegra eiginnafrn en *Skallagrímur* en í rökstuðningi þessum er óhjákvæmilegt að fjalla um bæði nöfnin, vegna þess að ef annað þeirra er formlega tækt íslenskt mannanafn skv. lögum verða bæði nöfnin að fylgjast að.

Umrædd tvö nöfn, *Kveldúlfur* og *Skallagrímur*, eru hefðbundin nöfn á þekktum körlum í fornþókmenntum okkar, og að mati undirritaðs eru þau nú svo rótgróin að fáir leiða hugann að því að um auknefni eða viðurefni sé að ræða, hvað þá að þau séu niðrandi Nöfnin *Kveldúlfur* og *Skallagrímur* hafa því, að mati undirritaðs, fest sig í sessi sem góð og gild nöfn þrátt fyrir þá annmarka sem á þeim eru frá sjónarmiði nafnhefðarinnar.

Hér virðist Baldur ganga út frá því að nafnið brjóti gegn nafnahefðinni þar sem það sé myndað úr „auknefni“ en sé þó heimilt þar sem þau hafi fest sig í sessi hér á landi út frá sögulegu sjónarhorni. Hér ber að benda á að forsenda þess að nafnið geti talist hafa unnið sér menningarhelgi vegna birtingar nafnsins í fornþókmenntum er sú að nafnið birtist þar í nafnmynd sem ekki telst brjóta gegn íslensku málkerfi eins og fram kemur skýrlega í athugasemd við 1. mgr. 5. gr. mnl sem birt er í frumvarpi laganna.<sup>45</sup> Að öðrum kosti þarf nafn að hafa unnið sér hefð eftir almennum reglum en slík sjónarmið virðast ekki liggja til grundvallar niðurstöðu Baldurs þar sem Baldur leggur megináherslu á birtingu nafnsins í fornþókmenntum.

<sup>45</sup> Alþt. 1995-1996, A-deild, bls. 673

Tvær leiðir gætu því leitt til niðurstöðu Baldurs.

1. Baldur telur nafnið birtast í fornbókmenntum á hátt sem ekki brýtur í bága við íslenskt málkerfi og því hafi nafnið unnið sér menningarhelgi.

2. Nafnið brýtur í bága við íslenskt málkerfi en hefur þegar unnið sér hefð í íslensku.

Baldur virðist hins vegar ekki ganga út frá seinni kostinum og því verður sá fyrri skoðaður nánar.

Nafni getur verið hafnað á grundvelli þess að það taki ekki eignarfallsendingu, brjóti gegn íslensku málkerfi eða sé ekki ritað í samræmi við almennar ritreglur sbr. 1. mgr. 5. gr. mnl.

Sömuleiðis má hafna því að gefa barni nafn sem samræmist ekki kyni þess sbr. 2. mgr. 5. gr. mnl eða á grundvelli þess að nafnið geti orðið nafnbera til ama sbr. 3. mgr. 5. gr. mnl.

Hér er til umfjöllunar nafn sem tekur eignarfalli, er ritað í samræmi við íslenskar ritreglur og samræmist kyni barnsins. Því kemur eingöngu til skoðunar hvort það brjóti gegn íslensku málkerfi eða sé nafnbera til ama. Bæði meiri og minnihluti drepur lauslega á því að Skallagrímur hafi verið notað sem uppnefni yfir sköllóttu menn en þær röksemdir eru ekki grundvöllur þess að nafninu sé hafnað.

Grundvöllur þess að nafninu er hafnað er sá að það stríði gegn nafnahefðinni. Slíkt skilyrði verður því að vera fellt undir það skilyrði laganna að nafn megi ekki brjóta í bága við „íslenskt málkerfi“. Baldur telur nafnið heimilt vegna sérstöðu sinnar í sögu Íslands og bókmennta en slíkar röksemdir eru ekki tækar brjóti nafnið í bága við íslenskt málkerfi enda er skilyrði þess að nafn, sem birtist í fornritum, geti unnið sér menningarhelgi að það brjóti ekki gegn íslensku málkerfi.

Sé Baldur því að halda því fram að með sérstöðu sinni í sögu Íslands og bókmennta hafi nafnið unnið sér menningarhelgi er hann sömuleiðis að viðurkenna að nafnið brjóti ekki gegn íslensku málkerfi og því heildar rökstuðningurinn orðinn óþarfur þar sem nafnið hafi hvort eð er verið heimilt án þess að þurfa að styðjast við menningarlegan bakgrunn. Þar sem ekki er fjallað um almenn hefðarskilyrði nafnsins er þetta eina mögulega niðurstaðan og því stendur hið upphaflega skilyrði, sem nefndin vill láta nafnið uppfylla þ.e. „að samræmast íslenskri nafnhefð“, utan við lögin ef leið Baldurs er fylgt.

Meirihluti mótar hins vegar niðurstöðu sína skýrlega á þeirri forsendu að nafnið brjóti gegn íslensku málkerfi þar sem það sé ekki myndað í samræmi við íslenskar nafnmyndunarreglur. Þar sem rökstuðningur meiri hlutans er á aðra leið en Baldurs er nauðsynlegt að kanna sérstaklega hvort að slíkt skilyrði geti rúmast innan laganna í samræmi við þá aðferð sem meirihluti mannanafnanefndar beitir.

Í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins er það rakið að nafni skuli ekki breytt á hátt sem stríðir gegn hefð þess<sup>46</sup>. Er slíkt skilyrði látið rúmast innan þeirrar reglu að nafn skuli ekki brjóta gegn íslensku málkerfi. Í því samhengi verður hins vegar að líta til þeirra athugasemda, í greinargerð frumvarps laganna, að óhjákvæmileg afleiðing laganna sé sú að gælunöfn og afbakanir á nöfnum verði heimil, enda telji nefndarmenn þeir, sem sömdu frumvarp laganna, ekki að það sé verkefni stjórnvalda að setja strangar reglur um slíkt.<sup>47</sup> Þar af leiðandi er örðugt að sjá hvenær nákvæmlega breyting á nafni stríði gegn nafnhefð þess.

Mannanafnanefnd virðist heldur ekki ganga út frá því að nafnið brjóti sérstaklega gegn hefð nafnsins Grímur heldur nafnahefðinni almennt en setja má spurningarmerki við það hvort slíkt skilyrði geti rúmast innan orðalags ákvæðisins með tilliti til þeirrar skýrleika kröfu sem gerð er þegar lagaákvæði takmarkar mannréttindi en áður hefur verið bent á að túlka ætti allan vafa á lögskýringu nafnbeiðanda í hag. Það er því ótækt að stjórnvald geti sett nýtt skilyrði þess að nafnbeiðandi fái að njóta lögvarða mannréttinda enda er ekki að finna ákvæði í lögunum sem heimilar slíkt framsal lagasetningarvalds.

Til stuðnings þeim lögskýringarkosti athugast að Baldur lagði í sératkvæði sínu áherslu á að væri nafnið Kveldúlfur tækt sem mannanafn yrði Skallagrímur einnig að teljast tækt. Sé slík athugasemd á rökum reist virðast röksemdir meirihlutans enn léttvægari en benda má á að þrír núlifandi menn bera eiginnafnið Kveldúlfur, þar af einn sem tók sér nafnið eftir gildistöku núgildandi mnl, sem og að nafnið er á mannanafnaskrá.

Ljóst er að nefndarmönnum greinir á um hvernig túlka skuli lögina til þess að komast að niðurstöðu í þessu sérstaka máli. Þó að niðurstöður meiri- og minnihluta gangi í gagnstæðar áttir getur ritgerðarhöfundur tekið undir hvorugan lögskýringarkostinn. Ástæða þess er sú að Mnn virðist byggja á þeirri forsendu að henni sé heimilt að synja beiðni um nafn á grundvelli þess að það innihaldi aukanefni eða brjóti gegn íslenskri nafnhefð almennt. Hvorugt skilyrðanna má ráða með beinum hætti af lögunum og því mætti spyrja hvort Mnn sé einfaldlega heimilt að setja nafni nýtt skilyrði sem nefndin finnur síðan stað innan almenns orðalags 2. másl. 1. mgr. 5. gr. mnl.

Í því sjónarmiði er vert að minna á að eitt markmið laganna er einmitt að auka frjálssræði í nafngiftum.

---

<sup>46</sup> Alpt. 1995-1996, A-deild, bls. 673

<sup>47</sup> Alpt. 1995-1996, A-deild, bls. 672



#### 4.4. Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn

Í 2. mgr. 5. gr. laganna ber að líta ansi einfalda reglu sem hljóðar svo, „Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn“. Reglan undirstrikar að í íslenskri málfræði séu orð háð kyni og skuli nafn barns samrýmast kyni þess. Í því felst enn fremur að hvert einstakt nafn getur eingöngu samrýmst öðru hvoru kyni jafnvel þó að mögulegt væri að beygja það svo samræmst gæti báðum kynjum nema að hefð sé fyrir því.<sup>48</sup>

Reyndar hefur Mnn sagt að hefð geti ekki réttlætt nafn sem brýtur gegn ákvæðinu sbr. áður tilvitnuð ummæli nefndarinnar í *ÚM 17. desember 2008 (64/2008)* en slík sjónarmið hafa verið ítrekuð sbr. t.d. *ÚM 8. júlí 2009 (52/2009)*. Hins vegar eru þau sjónarmið Mnn nú á undanhaldi sbr. umfjöllun 4.5.2.

1. október 2012, fékk héraðsdómur í hendurnar mál sem átti eftir að hafa mikil áhrif við að afmarka efnislegt inntak 2. mgr. 5. gr. mnl.

##### 4.4.1. Blævarmálið

Hér verður fjallað um *Hérd. Rvk. 31. janúar 2013 (E-721/2012)* (framvegis *Blævarmálið*)

Forsaga málsins er sú að prestur hafði skírt stúlku nafninu Blær en nafnið er skráð sem karlmannsnafn á mannanafnaskrá og var nafnið því ekki samþykkt af þjóðskrá. Í *ÚM* í máli nr. 71/1998 hafnaði Mnn beiðni um eigin nafnið Blær handa stúlku með vísan til 2. mgr. 5. gr. mnl. Af beinu orðalagi ákvæðisins má ætla að slík niðurstaða sé í fullkomnu samræmi við lögin að því gefnu að nafnið sé réttilega skráð sem karlmannsnafn.

Sérstaða málsins felst í þeirri staðreynd að löggjafinn hefur tekið beina afstöðu til þess hvort nafnið teljist til karlkynsnafns eða kvenkynsnafns en í athugasemdum með greinargerð í frumvarpi laganna segir: „Ákvæðið hefur í för með sér að ekkert eigin nafn getur talist vera bæði karlmanns- og kvenmannsnafn nema hefð sé fyrir því að gefa það báðum kynjum. Þannig er t.d. óheimilt að gefa drengjum nafnið Ilmur og stúlkum nöfnin Sturla og Blær.“<sup>49</sup>

Ansi sterk rök liggja því til grundvallar niðurstöðu Mnn. Nefndin hefur einnig verið samkvæm sjálfri sér í úrskurðum sem lúta að nafninu Blær sbr. einnig *ÚM 4. október 2001 (96/2001)* og *ÚM 18. mars 2005 (23/2005)*.

Héraðsdómur kemst að gagnstæðri niðurstöðu. Ágreiningsefni málsins snýst um það hvort nafnið Blær geti þrátt fyrir að teljast karlmannsnafn, einnig talist kvenmannsnafn og þá hvort jafnframt sé heimilt að veita stúlku slíkt nafn. Héraðsdómur kemst svo að orði:

Hér á landi eru þekkt fordæmi fyrir því að karlkyns nafnorð séu notuð sem kvenmannsnöfn, sbr. til dæmis nöfnin Ilmur og Apríl. Þá eru dæmi um að kvenkyns

<sup>48</sup> Alpt. 1995-1996, A-deild, bls. 674

<sup>49</sup> Alpt. 1995-1996, A-deild, bls. 674

nafnorð hafi verið gefin karlmönnum, sbr. nafnið Sturla. Vitnið, Trausti Fannar Valsson, nefndarmaður í mannanafnanefnd, gaf skýrslu fyrir dóminum en hann sagði það fræðilega mögulegt að nafn gæti verið með þeim hætti að það væri málfræðilega ekki bundið við ákveðið kyn eða að það hefði ekki öðlast hefð sem annað hvort karlmanns- eða kvenmannsnafn í tungumálinu. Taldi Trausti að ef nafn gæti bæði verið karlmanns- og kvenmannsnafn væri ekki útilokað að það mætti gefa það dreng eða stúlku. Það styður framangreindan framburð að samkvæmt skráningu þjóðskrár er nafnið Júlí, sem er karlkynsorð, borið af einni konu og fimm karlmönnum. Þá kemur nafnið Auður fyrir í 21. kafla Landnámabókar sem karlmannsnafn þótt það sé kunnugra sem kvenmannsnafn. Af því sem nú hefur verið rakið er ljóst að í ákveðnum tilvikum getur íslenskt nafn bæði verið karlmanns- og kvenmannsnafn.

Hér hefur héraðsdómur fundið málfræðileg rök fyrir því að nafn geti samrýmt báðum kynjum en þar með er ekki sagt að lagaleg rök standi slíkri niðurstöðu til stuðnings.

Þá tekur héraðsdómur upp þá röksemd stefnanda að nafnið Júlí sé bæði borið af körlum og einni konu en minnst eigi á það andsvar stefnda að nafnið Júlí sé ekki skráð á mannanafnaskrá sem kvenmannsnafn.

Verður þó að taka undir þá fullyrðingu héraðsdóms að í ákveðnum tilvikum geti íslenskt nafn bæði verið karlmannsnafn og kvenmannsnafn. Slíkt getur talist tækt sé hefð fyrir slíku sbr. fyrrgreindar athugasemdir nefndarmanna við 2. mgr. 5. gr. mnl í greinargerð.

Héraðsdómur vísar, niðurstöðu sinni til stuðnings, til þess að Auður sé þekkt sem kvenmannsnafn þó að það birtist sem karlmannsnafn í Landnámabók. Slík rök yrðu góð og gild ef ágreiningur stæði um það hvort Auður gæti talist karlmannsnafn en birting þess í Landnámabók er einmitt ástæða þess að það telst heimilt sem karlmannsnafn á grundvelli hefðar enda hefur það unnið sér inn menningarhelgi sbr. 3. tölul. hefðarreglanna sem áður hefur verið fjallað um. Sömuleiðis er nafnið Auður vel þekkt sem kvenmannsnafn og borið af fjölda kvenna og þar með er hefð fyrir slíkri nafngjöf einnig til staðar. Slík röksemd til stuðnings því að kvenmaður geti einnig borið nafnið Blær er gild þá og því aðeins að hefð sé fyrir því.

Héraðsdómur vísar til gagna málsins er stefnandi lagði fram, nánar tiltekið bréf Jóhannesar B. Sigtryggssonar frá stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, dagsett 21. nóvember 2011, þar sem greint er frá því að kvenmannsnafnið Blær virðist vera sama nafn og karlmannsnafnið Blær og að elstu heimildir um nafnið séu frá fyrri hluta 20. aldar en þá eingöngu borið af karlmönnum. Þá beri ein kona nafnið en sú hafi fengið það samþykkt af þjóðskrá í kringum 1973 og gögn sem stefnandi lagði fram bendi til þess að aðrar konur hafi notað nafnið án þess að það hafi verið samþykkt í þjóðskrá en nafnsins er getið sem kvenmannsnafns án fyrirvara í ritinu „Nöfn Íslendinga“ sem gefið var út 2011 sem og það birtist í Brekkukotsannál Halldórs Laxness.

Eftir að hafa bent á ofangreindar röksemdir stefnanda kemst héraðsdómur að þeirri niðurstöðu, án þess að fjalla um hefð, að því hafi ekki verið hnekkkt af hálfu stefnda að nafnið Blær megi nota sem kvenmannsnafn.

Eins og áður hefur komið fram er úrskurður Mnn í samræmi við almenna lögskýringu auk þess sem löggjafinn er búinn að taka afstöðu til þess að Blær sé karlmannsnafn og óheimilt sé að veita stúlku nafnið. Það sætir því furðu að héraðsdómur skuli afgreiða málið með þeim hætti að Mnn hafi ekki tekist að hnekkja sönnunarbyrðinni. Ætla má að sönnunarbyrðin liggja á stefnanda í tilviki sem þessu. Sé stefnandi búinn að hnekkja sönnunarbyrðinni væri réttast að Héraðsdómur fjallaði ítarlega um grundvöll niðurstöðunnar sbr. f. liður 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Í stað þess viku Héraðsdómur sér frá því að fjalla um hvort skilyrði hefðar séu uppfyllt.

Af þeim gögnum sem lögð voru fram er raunar ekki hægt að sjá að nafnið hafi unnið sér inn hefð sem kvenmannsnafn samkvæmt þeim. hefðarreglur sem birtar eru í greinargerð með frumvarpi af mnl. Eftir að hafa ógilt úrskurð Mnn heldur héraðsdómur áfram í rökfærslu sinni:

Það er mat dómsins að réttur stefnanda til að bera nafnið Blær sé ríkari en hagsmunir samfélagsins af því að hafna kröfunni en auk þess hefur stefndi ekki fært fram haldbær rök fyrir því að réttindi annarra verði fyrir borð borin verði krafa stefnanda viðurkennd. Verður því ekki talið að 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar réttlæti skerðingu á rétti stefnanda til að bera nafnið Blær

Af eðli og mikilvægi þeirra réttinda sem um er deilt í þessu máli leiðir að þær heimildir sem mannanafnanefnd hefur til að hafna nafngift skuli skýrðar þröngt. Að því virtu og þegar gætt er alls þess er að framan greinir verður fallist á viðurkenningarkröfu stefnanda um að henni verði heimilað að bera eigin nafnið Blær.

Fyrst er að benda á þær röksemdir Mnn að löggjafinn sé þegar búinn að meta það svo að hagsmunir samfélagsins til þess að synja heimild til þess að bera nafnið séu mikilvægari en hagsmunir einstaklingsins til þess að bera það. Slík röksemd er sannfærandi með tilliti til afdráttarlausrar afstöðu löggjafans til nafnsins í greinargerð.<sup>50</sup> Héraðsdómur metur hagsmunaáreksturinn á gagnstæðan hátt.

Það er almennt viðurkennt að dómstólar hafi heimild til að hliðra settum lögum þegar þau stríða gegn stjórnskipunarlögum.<sup>51</sup> Sé slíkt niðurstaða héraðsdóms má setja stórt spurningarmerki við stöðu laganna í heild sinni.

Þá þykir höfundi dómurinn ganga ansi langt inn á verksvið framkvæmdarvaldsins þegar hann fellst á viðurkenningarkröfu stefnanda.

<sup>50</sup> Alpt. 1995-1996, A-deild, bls. 674

<sup>51</sup> Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 29

Almennt ber dómstólum ekki að taka efnislega ákvörðun um málefni sem eiga undir stjórnvöld.<sup>52</sup> Með því að fallast á viðurkenningarkröfu stefnanda er dómurinn í raun búinn að taka nýja ákvörðun er Mnn ber að staðfesta sem og varð raunin sbr. *ÚM 22. mars 2013 (17/2013)*. Að öllu virtu verður vart séð að niðurstaða héraðsdóms endurspegli þá afstöðu sem að öllum líkindum lá fyrir löggjafanum við lagasetningu mnl.

#### **4.4.2. Breyting á framkvæmd í kjölfar Blævarsmálsins**

Mnn hefur nú samþykkt þrjú nöfn sem viðurkenna beri sem bæði karlmanns- og kvenmannsnafn. Nöfnin Blær (*ÚM 22. mars 2013 (17/2013)*), Elía (*ÚM 29. júlí 2013 (44/2013)*) og Auður (*ÚM 29. nóvember 2013 (73/2013)*).

Í *ÚM 19. desember 2013 (76/2013)* er beiðni um að samþykkt sé að kvenmaður geti borið nafnið Alex hafnað. Vísað er til ofangreindra úrskurða nefndarinnar og bent á að öll hafi nöfnin það sameiginlegt að skýr dæmi séu þess í íslenskum heimildum að þau hafi verið notuð í þekktum bókmenntatextum og/eða nafngjöfum á bæði kynin. Um nafnið Alex segir nefndin hins vegar:

Eiginnafnið *Alex* hefur sterka stöðu sem karlmannsnafn hér á landi. Engin dæmi, saga eða hefð er hins vegar fyrir nafninu hér á landi sem kvenmannsnafni. Eiginnafnið *Alex* verður því einvörðungu talið karlmannsnafn samkvæmt hinum íslensku mannanafnalögum nr. 45/1996. Ef fallist væri á nafnið sem eiginnafrönu væri í reynd um leið fallist á það af hálfu mannanafnanefndar að heimilt væri að gefa stúlku karlmannsnafn. Slíkt gengi gegn 3. mgr. 5. gr. laga um mannanöfn, en nefndinni er óheimilt að fara gegn gildandi lögum í störfum sínum.

#### **4.5. Nafnbera til ama**

Í 3. mgr. 5. gr. er að sjá reglu sem á að vernda barn gegn því að foreldri veiti þeim ónefni sem valdið gæti barninu ama. Eftirlitsnefnd með mnl hefur bent á að mögulega sé þörf á að orða ákvæðið skýrar.<sup>53</sup>

Löggjafinn áttar sig þó á því vandamáli sem fylgir því að banna nafn með vísan til huglægs mælikvarða og hvetur því til varfærni við notkun heimildarinnar<sup>54</sup> enda verður vart séð að nokkur framkvæmd hafi skapast um ákvæðið.

Sem dæmi má taka umfjöllun nefndarinnar um nafnið „Skallagrímur“ í *ÚM 17. desember 2008 (64/2008)* sem áður hefur verið farið allitarlega í, en þar vísar nefndin til þess að nafnið hafi verið notað sem uppnefni á sköllótta menn en fullyrðir þó ekki að nafnið brjóti gegn 3.

<sup>52</sup> Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 31

<sup>53</sup> *Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum. Lokaskýrsla til Dómsmálaráðherra*, bls. 21

<sup>54</sup> Alpt. 1995-1996, A-deild, bls. 674

mgr. 5. gr. mnl. Hins vegar beitir nefndin ákvæðinu samhliða 2. mgr. 5. gr. mnl í *ÚM 22. mars 2013 (17/2013)*.

Það er kannski ekki að furða að nefndin beiti ákvæðinu varlega miðað við að löggjafinn hvetur berlega til varkárni í notkun þess.

## 5. Nánar um hefð

Af ofangreindri umfjöllun virðist sem helsta frávikið frá þeirri hugsun löggjafans sem lögin eiga að endurspegla, birtist í þeirri framkvæmd sem skapast hefur um hefðarreglurnar. Samhengisins vegna hefur umfjöllun um hefð nafna farið fram samhliða greiningu á framkvæmd 1. og 2. mgr. 5. gr. mnl.

Ljóst er að slík óreiða hefur skapast um hefðarreglur laganna að æskilegt er að rannsaka þær betur. Áður hefur verið vikið allítarlega að reglunum og bent á að löggjafinn hafi tiltekið þær reglur í frumvarpi með lögunum sem hann taldi rétt að Mnn myndi hlíta í störfum sínum. Eins og sést hefur í fyrri umfjöllun, telur Mnn sig ekki bundna af reglunum og hefur kveðið upp úrskurði sem á engan hátt samrýmast reglunum sbr. t.d. *ÚM 20. júní 2014 (B-35/2014)* þar sem nefndin heimilar nafnið Christa þrátt fyrir að skilyrði hefðar, sem tilgreind eru í greinargerð í frumvarpi mnl, séu ekki uppfyllt.

Mnn hefur enda gert sínar eigin reglur en nefndin setti sér sérstakar vinnulagsreglur á fundi 14. nóvember 2006 og eru þær byggðar á greinargerð með frumvarpi til laga um mannanöfn og eldri vinnulagsreglum. Slíkar vinnulagsreglur hafa lengi tíðkast en til að mynda setti Mnn sér slíkar reglur í gildistíð laga um mannanöfn nr. 37/1991 en engar leiðbeiningar um skilyrði hefðar var þá að finna í greinargerð sem fylgdi með frumvarpi laganna.<sup>55</sup> Þar sem reglurnar voru síðan teknar upp í greinargerð sem fylgdi með frumvarpi mnl er nefndin ekki í sömu stöðu nú og í gildistíð eldri mannanafnalaga þar sem slíkar reglur voru ekki settar fram í frumvarpi.

Mnn samþykkti vinnulagsreglur á fundi sínum hinn 1. júlí 2004 sem tóku við af vinnulagsreglum sem samþykktar voru á fundi Mnn 7. september 2000 en áður giltu reglur sem settar voru á fundum nefndarinnar 17. ágúst og 12. október 1993.<sup>56</sup> Nýjar vinnulagsreglur voru síðan samþykktar á fundi nefndarinnar 14. nóvember 2006 en þær hljóða svo:

1. Ungt tókunafn telst hafa unnið sér hefð í íslensku máli ef það fullnægir einhverju eftirfarandi skilyrða:
  - a. Það er nú borið af a.m.k. 15 Íslendingum;
  - b. Það er nú borið af 10–14 Íslendingum og hinn elsti þeirra hefur náð a.m.k. 30 ára aldri;

<sup>55</sup> „Nafn telst íslenskt ef allir liðir þess eru af norrænum toga“ bls. 5.

<sup>56</sup> *Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum. Lokaskýrsla til Dómsmálaráðherra*, bls. 19.

c. Það er nú borið af 5–9 Íslendingum og hinn elsti þeirra hefur náð a.m.k. 60 ára aldri;  
d. Það er nú borið af 1–4 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1910;  
e. Það er ekki borið af neinum Íslendingi nú en kemur a.m.k. fyrir í tveimur manntölum frá 1703–1910.

2. Með Íslendingum er átt við þá sem öðlast hafa íslenskan ríkisborgararétt án umsóknar og eiga eða hafa átt lögheimili á Íslandi.

3. Tökunafn getur verið hefðað þó að það komi ekki fyrir í manntölum ef það hefur unnið sér menningarhelgi. Nafn telst hafa unnið sér menningarhelgi komi það fyrir í alkunnunum ritum, frumsömdum eða þýddum, í nafnmynd sem ekki brýtur í bág við íslenskt málkerfi<sup>57</sup>

Reglurnar sem samþykktar voru á fundi 14. nóvember 2006 eru efnislega þær sömu og vinnulagsreglurnar frá árinu 2004. Hin efnislega breyting á vinnulagsreglum Mnn kemur því fyrst fram árið 2000.<sup>58</sup> Reglurnar hafa haldist efnislega óbreyttar síðan.

Reglurnar slaka á skilyrðum þeirra reglna sem tiltekna eru í greinargerð. Er slíkt réttlætjanlegt þegar hugað er að markmiði laganna? Um er að ræða tilvik sem eykur heimildir fólks til að njóta lögbundinna mannréttinda en stjórnvald hefur að jafnaði meira svigrúm til slíkrar athafnar en til þess að takmarka slíkar heimildir. Engu að síður voru lögin sett í þeim tilgangi að viðhalda íslenskri menningu og íslenskum nafnasið. Löggjafinn hefur ekki veitt nefndinni svigrúm til þess að móta nýjar hefðarreglur. Raunar telur höfundur að löggjöfin hafi vart sérgreint valdsvið Mnn skýrlega með tilliti til þess að starf nefndarinnar byggist að miklu leiti á mati. Hins vegar hefur löggjafinn tekið fram, í greinargerð með frumvarpi laganna, hvaða viðmið skuli binda hendur nefndarinnar við mat á því hvort nafn hafi unnið sér hefð í íslensku máli. Mnn verður því að taka sanngjarnt tillit til þeirra reglna sem henni er sett að fara eftir og ætti útfærsla á reglunum sem þessi ekki að koma til nema með lagabreytingu sbr. 2. gr. stjkskr.

Talsverð tilslökun er gerð á því skilyrði sem nafn þarf að uppfylla til þess að geta talist hafa unnið sér menningarhelgi en í greinargerð með frumvarpi laganna er reglan einskorðuð við nöfn sem birtast í íslenskum fornritum. Hér hefur reglan hins vegar verið rýmkuð að því marki að nægilegt er að nafn birtist nú í alkunnunum ritum.

Ekki er að sjá að neinn almennur mælikvarði sé settur á það hvenær rit telst alkunnugt og er Mnn því í sjálfvald sett að meta hvenær rit telst uppfylla þann áskilnað. Nafn þarf ekki að birtast í fornriti lengur til þess að hafa unnið sér inn menningarhelgi. Ritið þarf ekki einu sinni að vera íslenskt, heldur er nóg að það hafi verið þýtt á íslensku.

---

<sup>57</sup> *Umsögn mannanafnanefndar til allsherjanefndar Alþingis við frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996. með síðari breytingum, bls. 2.*

<sup>58</sup> *Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum. Lokaskýrsla til Dómsmálaráðherra, bls. 20*

Áður hefur verið vísað til *ÚM 29. júlí 2013 (44/2013)* en þar er komist að þeirri niðurstöðu að nafnið Elía sé bæði karlmanns- og kvenmannsnafn en slíkt brýtur strangt til tekið gegn orðalagi 2. mgr. 5. gr. mnl. Ekkert eiginnafn getur talist vera bæði karlmanns- og kvenmannsnafn nema hefð sé fyrir því að gefa það báðum kynjum.<sup>59</sup> Mnn heimilaði samt sem áður nafnið á grundvelli hefðar en nafnið birtist í Biblíunni og þar með hefur það væntanlega unnið sér inn menningarhelgi samkvæmt þeim reglum sem Mnn hefur sett. Þar af leiðandi telur Mnn nafnið ekki brjóta gegn 2. mgr. 5. gr. mnl en það athugast að nafnið uppfyllir ekki skilyrði hefðar eins og þau birtast í greinargerð í frumvarpi mnl. Ef þeim reglum sem löggjafinn gekk út frá hefði verið fylgt væri niðurstaðan þess vegna önnur og væri nafnið þá eingöngu heimilt sem kvenmannsnafn.

Áður hefur verið bent á að þó að þeim hefðarreglum sem löggjafinn vísar til yrði fylgt getur komið upp sú staða að nafn yrði borið bæði af karlmanni og kvenmanni sbr. nafnið Auður.

Það sem gerist hins vegar þegar Mnn setur sérstakar reglur, líkt og þessar, sem ekki samrýmast þeirri útfærslu á lögunum sem löggjafinn ætlaði að nefndin tæki mið af, er að árekstrar verða á milli þeirrar hugmyndar sem lögfest er og þeirrar stefnu sem nefndin hefur mótað sbr. *Blævarmálið*. Í Blævarmálinu er uppi sú staða að nafnið hefur verið birt í íslensku riti og getur þá, eftir því hvort Mnn metur ritið „alkunnugt“ eður ei, talist hafa unnið sér inn menningarhelgi og því heimilt samkvæmt þeirri stefnu sem Mnn hefur mótað. Þar sem stefnan er hins vegar ekki í fullkomnu samræmi við löggjöfina verður til ákveðinn árekstur sem er best sýnilegur í Blævarmálinu þar sem nafnið er tekið sem dæmi í greinargerð í frumvarpi með mnl um hvernig beita eigi ákvæði laganna. Þá leiðir stefna löggjafans í eina átt en stefna Mnn í aðra. Slíkt ósamræmi er því knúið fram á yfirborðið í Blævarmálinu á meðan það er ekki jafn sýnilegt í máli eins og í *ÚM í máli nr. 44/2013*.

Í Blævarmálinu sér Mnn sig því milli steins löggjafans og þeirrar sleggju sem hún sjálf skapaði. Niðurstaðan er sú að nefndin telur sig nauðbeygða til þess að fylgja beinni afstöðu löggjafans til nafnsins en vegna þeirrar stöðu sem skapast hefur verður slík ákvörðun frávik frá þeirri stefnu sem nefndin hefur fylgt. Stendur héraðsdómur þá frammi fyrir því, að þurfa að skera úr því álitafni hvort að nefndinni hafi verið rétt að fylgja lögunum í samræmi við vilja löggjafans eða hvort halda skuli fast í þá stefnu sem Mnn hefur markað.

Þegar tekið er tillit til þess hvort fylgja eigi stefnu löggjafans, sem leiðir til synjunar á nafni, eða stöðugri stefnu Mnn, má jafnvel vænta þess að jafnræðissjónarmið leiði til þess að

---

<sup>59</sup> Alpt. 1995-1996, A-deild, bls. 674

mótaðri stefnu sé fram haldið en að mati höfundar ættu slík rök fræðilega að geta réttlætt að vikið sé frá vilja löggjafans þó að hann liggi skýrlega fyrir.<sup>60</sup>

Nýlega hefur héraðsdómur felld dóm, í máli *Hérd. Rvk 19. desember 2013 (E-1917/2013)* er varðaði úrskurð Mnn, sem staðfestir að líta þurfi til þeirrar stefnu sem nefndin hefur skapað í úrskurðum sínum til þess að gæta að jafnræði. Málið snýr að þeirri ákvörðun Mnn að hafna beiðni um eiginnafrnið „Reykdal“ en Mnn taldi að ekki væri hefð fyrir nafninu sem og að það brjóti gegn íslensku málkerfi. Héraðsdómur bendir hins vegar á að líta þurfi til hliðstæðra nafna þegar metið er hvort að nafn brjóti gegn íslensku málkerfi en segir einnig:

Þegar litið er til þeirrar afstöðu löggjafans að notkun ættarnafna sem eiginnafrni hafi unnið sér ákveðinn hefðarrétt og þess að ekki verður annað séð en nafnið *Reykdal* hafi öðlast sess í íslensku máli sem eiginnafrni fyrir hefð, að minnsta kosti samkvæmt vinnulagsreglum mannanafnanefndar, verður ekki talið að vegið sé að nafninu sem ættarnafni og þeirri ríku nafnvernd sem því ber sem ættarnafni þótt það yrði samþykkt sem eiginnafrni. Þegar jafnframt er litið til þess hversu mörg dæmi eru um að nöfn séu hvort tveggja ættarnöfn og eiginöfn verður það ekki talið brjóta gegn íslensku málkerfi þótt eiginnafrni beri yfirbragð ættarnafns.

Athyglisvert er að héraðsdómur setur þann fyrirvara við þá fullyrðingu að nafnið hafi unnið sér hefð í íslensku máli, að mögulegt sé að það hafi ekki unnið sér hefð samkvæmt öðrum hefðarreglum sbr. orðalag dómsins „að minnsta kosti samkvæmt vinnulagsreglum mannanafnanefndar“. Er þannig vísað til þess að Mnn hafi almennt notast við eigin vinnulagsreglur og að nafnið uppfylli að minnsta kosti skilyrði þeirra en þar með sé ekki sagt að það uppfylli þær hefðarreglur sem löggjafinn hafi hugsað sér að tekið yrði mið af. Hins vegar virðist dómurinn benda á að þar sem Mnn hafi hingað til afgreitt beiðnir eftir eigin reglum sé um misræmi að ræða ef nefndin ákveður að ganga ekki út frá þeim mælikvarða í einstakri úrlausn sinni.

Niðurstaða dómsins hefur leitt til enn meiri slaka í framkvæmd en í *ÚM 20. júní 2014 (36/2014)* segir : „Tekið skal fram að vinnulagsreglurnar eru mannanafnanefnd til stuðnings við mat sitt, en ekki ráðandi um niðurstöðuna bendi önnur atriði engu að síður til þess að ritháttur nafns hafi hefðast“.

Nýlega eru dæmi þess að nefndin fylgi ekki einu sinni eigin reglum heldur hafi slakað enn frekar á framkvæmdinni sbr. *ÚM 20. júní 2014 (B-35/2014)* sem áður hefur verið fjallað um. Haldi þróunin áfram í þessa átt mætti sjá fyrir sér svipað ástand og var í gildistíð laga nr. 54/1925.

---

<sup>60</sup> Skúli Magnússon: *Er draugur í dómssalnum?*, bls. 745



## 6. Lokaorð

Nú hefur framkvæmd Mnn á veitingu eiginnafrána verið könnuð og borin saman við þær reglur sem lesa má úr mnl. Tvö meginmarkmið má lesa úr lögnum. Löggjöfin stefnir að meira frjálsræði í nafngjöf en fyrri löggjöf en á sama tíma hefur löggjafinn samt sem áður séð ástæðu til þess að binda nafnveitingu ákveðnum reglum. Reglurnar miða að varðveitingu íslenskrar menningu en ekki er víst að slíkt markmið samræmist fullkomlega því markmiði að auka frjálsræði í nafngjöf. Myndast getur sú aðstaða að ákvörðun sé í fullkomnu samræmi við annað markmið laganna á meðan hún gengur þvert gegn öðru markmiði. Slík andstæð sjónarmið einkenna sömuleiðis þá framkvæmd sem skapast hefur í kringum lögin en á meðan Mnn hefur slakað á þeim kröfum sem gerðar eru til þess að nafn hafi unnið sér inn hefð í íslensku máli, hefur nefndin sömuleiðis aukið kröfurnar á öðru sviði sbr. *ÚM 17. desember 2008 (64/2008)*.

Þá hafa hefðarreglurnar verið kannaðar sérstaklega en ljóst er að þær hefðarreglur sem Mnn starfar samkvæmt eru ekki í samræmi við þær hefðarreglur sem tilgreindar eru í greinargerð í frumvarpi með lögnum. Höfundur telur óheppilegt að slíkar reglur hafi ekki verið teknar beint upp í lögin en héraðsdómur hefur snúið við ákvörðun Mnn þegar nefndin vísar, í einstökum málum, frá þeirri stefnu sem hún hefur mótað. Mögulega hafa jafnræðissjónarmið haft áhrif á slíka niðurstöðu héraðsdóms.

Ljóst er að framkvæmd um veitingu eiginnafrána hefur, á ákveðnum sviðum, leiðst af vegi löggjafans. Hér hefur verið einblínt á það sem betur mætti fara í framkvæmd laganna og því getur sú gagnrýni sem Mnn hefur sætt virst ósanngjörn með tilliti til annars stöðugar framkvæmdar. Engu að síður hafa þeir annmarkar sem skapast hafa á framkvæmdinni orðið til þess að spurningarmerki má setja við núverandi stöðu laganna, einkum með vísan til fyrrgreindra héraðsdóma. Höfundur bendir á að bæta mætti úr annmörkum þessum með lagasetningu. Höfundur teldi æskilegt að sú löggjöf sem við tæki, gerði skýrar grein fyrir samspili mismunandi markmiða telji löggjafinn enn þörf á slíku taumhaldi um nafngjöf almennings.

Það hvort slíkt taumhald sé nauðsynlegt er síðan annað mál.

## HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi

Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*. Reykjavík 1989.

Baldur Guðlaugsson: „Íslensk mannanöfn. Löggjöf er þau varðar og framkvæmd þeirra“. *Úlfjótur*, 2. tbl. 1969, bls. 124-156.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur Mannréttindi*. Reykjavík 2008.

Björn Þ. Guðmundsson: *Lögbókin þín*. Reykjavík 1973.

Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*. Reykjavík 2008.

Drífa Pálsdóttir, Halldór Ármann Sigurðsson og Hjálmar Jónsson: „Bannað er nafn þitt“. *Morgunblaðið*, 27. apríl 1996, bls. 36.

*Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum. Lokaskýrsla til Dómsmálaráðherra*.  
Dómsmálaráðuneytið, Reykjavík 2005.

Elín Ósk Helgadóttir: „Jafnræðisreglur í tengslum við matskenndar stjórnvaldsákvarðanir“, *Tímarit lögfræðinga*, 3. tbl. 2013 bls. 281-337.

Hafsteinn Dan Kristjánsson: “Stjórnskipuleg lögmætisregla“. *Úlfjótur*, 4. tbl. 2009, bls 421-494

Hermann Pálsson: „Hugleiðing um nafnalög“, *Úlfjótur*, 1. tbl. 1992, bls. 51-58.

„*Mannanafnanefnd verði ekki lögð niður*“, <http://www.xn--rv-rka.is/frett/mannanafnanefnd-verdi-ekki-logd-nidur>, 09. Júlí 2014 (skoðað 1. október 2014)

Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*. 3. útgáfa. Reykjavík 2013.

„Nafn telst íslenskt ef allir liðir þess eru af norrænum toga“. *Morgunblaðið*, 21. október 1993, bls. 5.

Páll Sigurðsson: *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Reykjavík 2008

Páll Sigurðsson og Erlendur Jónsson: „Mannanöfn, Íslensk menning og misheppnað frjálslýndi“. *Skæðadrífa*. Reykjavík 2003, Bls. 166-168.

Róbert R. Spanó: *Túlkun Lagaákvæða*. 1. útgáfa. Reykjavík 2007.

Skúli Magnússon: Er draugur í dómssalnum?. *Úlfjótur*, 3. tbl. 2007, bls. 733-746.

*Umsögn mannanafnanefndar til allsherjanefndar Alþingis við frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996. með síðari breytingum*. Dómsmálaráðuneytið, Reykjavík 2007.

Þuríður Jónsdóttir: *Lögfræði og lífsleikni fyrir framhaldsskóla*. 2. útgáfa. Reykjavík 2008.